



Sveitarstjórnarfundur 28. febrúar 2024

Miðvikudaginn 28. febrúar 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 19. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Bjarni Þórisson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 14

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 15

Dagskrá 19. fundar:

1. Fundargerð 18. sveitarstjórnarfundar 15.01.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Beiðni um undanþágu frá ákvæði 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð
5. Skólastefna Grunnskóla Drangness
6. Umsókn um leiguhúsnaði í Kaldrananeshreppi
7. Afskráning Klúkuskóla
8. Umferðaröryggi á Drangnesi
9. Erindi Sorpsamlags Strandasýslu
10. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
11. Erindi Umhverfisstofnunnar
12. Minnisblað frá Matvælaráðuneytinu
13. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga
14. Ársreikningur 2023 Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps
15. Styrktarbeiðni Laugarhóls ehf.

Fundargerð:

1. Fundargerð 18. sveitarstjórnarfundar 15.01.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. 146. fundur Heilbrigðisnefndar, 15.02.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu ehf, 09.02.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. 58. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 10.01.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. 59. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 14.02.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 941. fundur stjórnar, 12.01.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 942. fundur stjórnar, 26.01.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga, 943. fundur stjórnar, 09.02.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Beiðni um undanþágu frá ákvæði 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð

Undanþágu er óskað vegna tillögu að deiliskipulagi í landi Hveravíkur þar sem afmarkaðar eru sex frístundalóðir. Sökum landfræðilegra aðstæðna eru byggingarreitir á þremur lóðanna í 30 metra fjarlægð frá strönd og uppfylla því ekki ákvæði í 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar um 50 metra lágmarksfjarlægð mannvirkja frá sjó.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn að veitt verði undanþága frá ákvæði 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Skólastefna Grunnskóla Drangsness

Erindi barst frá skólastjóra Grunnskóla Drangsness er varðar skólastefnu skólans. Verið er að skila umbótaáætlun vegna Ytra mats skólans og á sveitarfélagið eftir að setja sér almenna stefnu um leik- og grunnskólahlald.

Bjarni situr hjá vegna vanhæfis og vikur af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir að starfsmenn Grunnskóla Drangsness annist gerð skólastefnu samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun. Sveitarstjórn gerir einnig þá kröfu að gætt verði aðhalds í fjölda vinnustunda og að ekki verði farið fram úr áætlun.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Bjarni mætir aftur á fund.

6. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst tvær umsóknir þar sem óskað var eftir leiguíbúðum á Drangnesi.

Sveitarstjórn ákveður að verða við fyrri umsókninni þar sem einungis eitt húsnæði er laust til útleigu á vegum hreppsins.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Afskráning Klúkuskóla

Kaldrananeshreppur hefur óskað eftir því að afskráð verði kennitölu Klúkuskóla. Kennitalan er ekki lengur í notkun né hefur verið í langan tíma. Að auki er búið að ganga í skugga um að engir bankareikningar, eignir eða skuldir tengjast kennitölu.

Sveitarstjórn staðfestir afskráningu Klúkuskóla.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Umferðaröryggi á Drangnesi

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps barst erindi er varðar umferðaröryggi á Drangnesi. Óskað er eftir því að sett verði upp hraðahindrun við bæjarmörk Drangness til þess að hægja á þeim bílum sem koma inn í bæinn.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur oddvita að ræða við Vegagerðina um aukið umferðaröryggi á Aðalbraut.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Erindi Sorpsamlags Strandasýslu

Erindi barst frá Sorpsamlagi Strandasýslu sem hefur fest kaup á pappapressu. Kaupin teljast mikilvæg en pressan einfaldar allan flutning á pappa suður og farið verður með 5-6 sinnum meira magn í hverri ferð.

Kostnaður er um 2 milljónir króna fyrir Kaldrananeshrepp í sinn hlut.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur oddvita að bregðast við.

Einnig vill sveitarstjórn að oddviti leiti til endurskoðenda varðandi réttan feril málsins.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

10. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Sýni var tekið 15. janúar sl. af neysluvatni í Fiskvinnslunni Drangi. Vatnið stóðst ekki kröfur neysluvatnsreglugerðar 536/2001. Haft var samband við vatnsveitustjóra sveitarfélagsins sem fór í viðeigandi aðgerðir.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

11. Erindi Umhverfisstofnunnar

Umhverfisstofnun auglýsir til umsagnar tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/203 um náttúruvernd. Á framkvæmdaáætlun eru skráðar þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun næstu fimm árin.

Í Goðdal í Bjarnarfirði er tillaga að svæði á framkvæmdaáætlun en þar má finna naðartungu sem einungis þrífst við jarðhita hér á landi og laugadepla sem er válistategund í nokkurri hættu.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn.
Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

12. Minnisblað frá Matvælaráðuneytinu

Kaldrananeshreppi barst minnisblað frá Matvælaráðuneytinu er varðar regluverk um búfjárbætur og er þar greint frá að:

Þó lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu komi til ára sinna eru reglurnar að mestu leyti skýrar að mati ráðuneytisins og mikilvægt að sveitarfélögin nýti þau verkfæri sem þau hafa samkvæmt lögnum til að skúra réttarástandið, til hagsbóta fyrir landeigendur, bændur og raunar allra íbúa sveitarfélaganna.

Minnisblað lagt fram til kynningar.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

13. Bréf frá Lánasjóði Sveitarfélaga

Bréf barst frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem auglýst er eftir tilnefningum og/eða framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Bréf lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að senda ekki tilnefningu f.h. Kaldrananeshrepps.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

14. Ársreikningur 2023 Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps

Ársreikningur Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps frá árinu 2023 liggur fyrir.

Ársreikningur lagður fram til kynningar.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

15. Styrktarbeiðni Laugarhóls ehf.

Laugarhóll ehf. óskar eftir styrk sveitarfélagsins sem nemur fasteignagjöldum síðasta árs að upphæð 955.978kr.-

Síðustu tvö ár hefur Laugarhóll ehf. staðið í töluvert miklum framkvæmdum og endurbótum á húsnæði félagsins. Viðhaldsþörf hússins hefur safnast upp og felur það í sér mikinn kostnað að bregðast við skemmdum og koma ástandi hússins í viðunandi horf.

Finnur og Hildur víkja af fundi vegna vanhæfis.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn tekur vel í beiðni Laugarhóls ehf. og leggur til að farið verður sú leið að styrkupp hæðin verði metin til innlagnar í hlutafé á næsta aðalfundi.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Finnur og Hildur mæta aftur á fund.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið klukkan 21:50